

## Kynningarbásar í Smáralind - Leiðbeiningar og umgengisreglur

### Áriðandi: Hugið vel að sóttvörnun, berið grímur og handspritt skal vera á borðum!

#### Kynningarsvæðið

- Hæðartakmörk eru 160 cm, bás, veggir, gardínur o.s.frv. mega ekki vera hærri en það. Undantekning er á roller up gardinum í hefðbundinni breidd
- **Hver veggur er 153cm á hæð og 95cm breiður, - Hentar vel fyrir A0-size posters (841mm x 1.189mm). Hvert fyrirtæki fær 2 veggir og eitt lítið áfast borð (sjá mynd 1 og 2 að neðan).** Aðeins skal nota úthlutuðum veggjum/skilrúmum. Heimilt er þó að nota LÍTIÐ borð (max 50x50cm.), gínu eða álíka, fyrir framan básinn (mynd 3) – það má ekki skyggja á aðra eða hefta umferð. Ekki hengja neitt upp í bilið fyrir ofna vegginn þar sem það sést báðum megin og þar af leiðandi fyrir ofan fyrirtækið sem er hinum megin við vegginn.
- Ekki má líma plaköt, blöðrur, myndir eða annað á súlur, veggir eða annað sem tilheyrir Smáralind og bannað er að nota gasblöðrur í húsinu.
- Kynningarsvæðið á ávallt að vera snyrtilegt
- Ávallt skal passa upp á að flæði milli verslana sé í lagi og að bás skyggi ekki á verslanir í kring.

#### Uppsetning og niðurtekt

- Básar þurfa að vera komnir upp og tilbúnir þegar verslanir opna kl. 11
- Koma skal með vörur og búnað inn um vörumóttökur (Vörumóttaka 6)
- Ekkert má geyma í vörumóttökum
- Kynningaraðili þarf að koma með allan búnað sem hann þarf svo sem:
  - ruslatunnur og ruslapoka (þegar það á við)
  - **framlengingarsnúru** ef nota þarf rafmagn
  - allur annar búnaður t.d. greiðsluposa, smáborð, stóla o.þ.h.
- Hafa þarf svæðið í kringum básinn eins snyrtilegt og mögulegt er á meðan uppsetningu stendur yfir.
- Bása skal taka niður strax að viðburði loknum og hreinsa vel af þeim (kennaratyggjó, límband osfrv. **Passið ykkur á að nota EKKI litlu hvítu „límmiðana“ sem eru með lími báðum megin. Mjög erfitt er að skrapa límmiðana af.**
- Svæði skal skila í sama ásigkomulagi og það var í við komu. **Mikilvægt að allir sjái um að hreinsa vel til af sínu svæði.**
- Rusl skal fara með jafnóðum í ruslagáma t.d. fyrir utan vörumóttöku 6

Hafa skal samband við þjónustuvakt Smáralindar, s: 528-8080, ef kynningaraðili er óviss hvar er best að koma inn með vörur og búnað, vantar upplýsingar um næsta ruslagám eða álíka.

